Gata og númer:

(~~Pvervegur (14 a.)~~ 54A) EINARSNES 54 A

Möt framkvæmd: 1/8/1943.	Metið kr.
a. Ibúðarskúr, úr bindingi á 2 vegu, sem klæddir eru utan með borðum, pappa, vírneti og múrhúð, hinar 2 hliðarnar eru úr steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni. Í skúrnum er 1 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Trégólf er í húsinu. Stærð: L. 6.2 m. br. 3.8 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrin ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	11.380.-
b. Geymsluskúr úr timbri, múrhúðaður á vírneti utan og með járn á þaki. Stærð: L. 1.0 m. br. 3.8 m. h. 2.0 m. skápak.	
Skúrin er virtur á.....	640.-
Santals	12.020.-

Gata og númer: Einholt

Möt framkvæmd: 8/8/1944.

Metið kr.

Ibúðarhús úr bindingi með pappa á þaki og veggjum. Timburþiljur, veggfóðradar, herbergi og eldhús máluð. Timbur er í lofti og gólfum. Geymsla úr timbri er áföst við húsið, pappaklædd.

Stærð: L.5,2 m., br.5,4 m., h.2,0 m., ris 0,7 m.

" geymslu: L.4,7 m., br.1,0 m., h.1,8 m., skáp.

Húsið, ásamt geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á:.....

11.100.-

Gata og númer:

E i n h o l t .

Möt framkvæmd: 1/12/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Skúrinn er 3 íbúðarherbergi, þiljuð innan með panel, strigalögð, veggfóðruð og máluð og eldhús, þiljað. Steinsteypugólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 7.7 m. br. 2.9 m. h. 2.1 m. skáþak.</p>	
<p>" viðbyggingar: L. 2.0 m. br. 3.0 m. h. 2.0 m.</p>	
<p>Inngöngu- og geymsluskúr, byggður eins og húsið.</p>	
<p>Stærð: L. 17.0 m. br. 2.7 m. h. 2.0 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><i>has ís flutt</i></p> <p>9.520.-</p>

Möt framkvæmd: (9/3/1948) (28/2/1953.) 15/5/1953. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri og með timburskilrúmunum, pappaklætt utan, klætt innan timbri og striga og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/miðstöðvareldavél og forstofa, allt veggfóðrað, nema asbestklæðning í eldhúsi og forstofu. Þakhæð óinnréttuð geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 7.6 br. 5.6 h. 2.8 ris 1.8</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>37.700.00</p>
=====	
<u>Virt 28/2/1953.</u>	
<p>Húsið hefir frá síðasta mati 9. marz 1948 verið múrhúðað utan, auk þess hefir verið reist við það ný viðbygging, 1 hæð m/skúrþaki, úr timbri á steinsteyptan grunn, múrhúðað utan, þiljuð og múrhúðuð innan og með þaki úr timbri og pappa. Þar er þvottahús og geymsla notuð fyrir smádútlisverkstæði. Skilrúm úr timbri.</p> <p>Íbúðarhús : L 9.7 br. 5.1 h. 2.7 ris 1.8 = 178.09 m³</p> <p>Viðbygging: L 9.7 br. 3.0 mh. 2.8 skápak = 81.48 m³</p> <p style="text-align: right;">259.67 m³</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>124.600.00</p>
=====	
<u>Virt 15/5/1953.</u>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 9. marz 1948, nema að það hefir verið múrhúðað utan, en við húsið hefir verið reist ný viðbygging, 1 hæð með skáþaki, byggð úr timbri á steinsteyptan grunn, múrhúðað utan og innan og með pappapakí.</p> <p>A. Íbúðarhús ; L 7.6 br. 5.6 h. 2.8 h. 2.8 ris 1.8 = 157.42 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Ný viðbygg.: L 7.6 br. 3.0 h. 2.6 skápak = 59.28 m³</p> <p>" Viðbyggingin, ásmat tilheyrandi, er virt á.....</p> <p style="text-align: right;">Samtals krónur</p>	<p>75.600.00</p> <p>13.600.00</p> <p>89.200.00</p>
=====	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
<p>A. Íbúðarhús: L 7.6 br. 5.6 h. 2.8 ris 1.8 = 157.42 m³</p>	<p>47.200.00</p>

Gata og númer: Engjavegur Þv.1bl.21 "Litli Hvammur"

Möt framkvæmd: 5/8/1919.	Metið kr.
<p>Bær úr grjóti, 3 langveggir og gaflar upp að gluggum, grind bæjarins er úr 5" + 2" plönkum. Á sperrum er óplægð súð, svo þurt torf, þá tjörupappi, svo er moldarlag og torf yst. Stafnarnir eru úr bindingi, klæddir utan borðum og pappa. Timburgólf er í honum. Þar eru 2 herbergi, eldhús og gangur. Bærinn er þiljádur innan.</p> <p>Stærð: L.7,5 m., br.4,4 m., h.1,9 m., ris 2,2 m.</p> <p>Bærinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... <i>Flutt á 3528</i></p>	<p>3.480.-</p>

Gata og númer:

E n g j a v e g u r (Þvottaleugabl. 15)

Möt framkvæmd: 20/4/1948 Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, klatt utan bárujárni, einangrað með tréspónastoppi og með þaki úr timbri, þappa og bárujárni. Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri og geymsla, allt veggfóðrað og málað og dúklegt, ennfreður miðstöðvarherbergi múrhuðað í axlarhæð og með steyptu gólfi og utanhússreykháfur steyptur.</p> <p>Stærð hússins : L 12.0 m., br. 5.0 m., h. 2.3 m., ris 1.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>48.700.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Íbúðarhús: L 12.0 br. 5.0 h. 2.3 ris 1.2</p>	<p>= <u>174.00 m³</u> <u>59.200.00</u></p>

Möt framkvæmd: (a. 21/10/1937) b,c,d,e. 2/1/1943 a. 24/10/1949.	Metið kr.
<u>a. virt 21/10/1937.</u>	
Íbúðarhús, einlyft með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Aðal hæð er öll þiljuð innan. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er neðan á loftbita. Þiljur eru strigalagðar. Öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Á aðal hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Kjallari er undir öllu húsinu, úr steinsteypu, bæði inn- og útveggir, loft og gólf. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, 2 geymsluherbergi og gangur. Trégólf er í íbúð kjallarans yfir steinsteypugólfi.	
Stærð: L 10.0 m. br. 9.0 m. h. 2.8 m. ris 1.2 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....Krónur	65.510.-
<u>b, c, d og e virt 2/1/1943. <i>Prm. 5369</i></u>	
b. Fjós og heyhlaða úr steinsteypu, með eternitþaki á súð. Innan á fjós-útveggjum eru vikurplötur. Húsið er allt múrhuðað innan. Í fjósinu eru 10 kjabásar með jötum og milligerðum og afþiljuð fóðurgeymsla. Steinsteypugólf er bæði í fjósinu og hlöðunni. Í öðrum enda hlöðunnar er forstofa og mjólkurherbergi.	
Stærð fjóss.: L 14.0 m., br. 5.5 m. h. 2.4 m. ris 1.0 m.	
"kjallara : L 1.8 m. br. 2.6 m. h. 1.2 m. (haughús)	
Húsið, ásamt kjallara og tilheyrandi, er virt á.....krónur	22.320.-
c. Heyhlaða: Stærð: L 11.4 m. br. 6.0 m. h. 4.8 m. ris 4.8 m.	
Hlaðan er virt á..... "	29.580.-
d. Hensnahús úr timbri, þiljað utan og pappaklætt á veggjum og þaki. Þiljað innan og stoppað í binding.	
Stærð: L 4.4 m. br. 2.8 m. h. 2.3 m. skápak.	
Hensnahúsið er virt á..... "	1.680.-
e. Svínahús úr bindingi, klætt utan borðum og pappa á veggjum og með torfþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í húsinu, og allt er það þiljað innan og stoppað með sagsspónum á milli þiljanna. Húsið er hólfað í þrennt.	
Stærð: L 6.3 m. br. 4.8 m. h. 2.1 m. skápak.	
Svínahúsið er virt á..... "	4.410.-
	<u>Samtals krónur 123.500.-</u>

Kaefavogur 34

Brunabóta nr. 3474

Gala og númer:

~~Engjavegur~~

(Þvottalaugablettur 35)

Möt framkvæmd: 24/10/1948.

Metið kr.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. október 1937; það athugast, að íbúðarhúsið, er aðeins virt, en ekki útihúsin, sum nú eru eign Reykjavíkur-
bæjar og hafa fengið sérstakt nýtt brnr.

Íbúðarhús: L 10.0 m. br. 9.0 m. h. 2.8 m. ris 1.2 m. kj. 2.0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....Krómur 140.900.-

Gata og númer: F á l k a g a t a 1

Möt framkvæmd: 21/6/1929. Samræmismat 1. apríl 1951,	Metið kr.
<p>Verzlunarhús, einlyft með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Á aðalhæð er sölubúð, með skápum, borðum og skúffum, 1 íbúðarherbergi, geymsluherbergi og anddyri. Í bindingnum er pappalag. Allt þiljað innan og neðan á loftbita, lagt striga og vélapappír, og ýmist veggfóðrað eða málað.</p> <p>Stærð: L.6,0 m., br.5,5 m., h.2,8 m., ris 1,7 m., kjh.1,5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>5.870.-⁴ =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p>	
<p>A. Verzlunarhús: L 6.0 br. 5.5 h. 2.8 ris 1.7 kj. 1.5 = <u>168.30 m³</u></p>	<p><u>50.500.00</u></p>

Möt framkvæmd: 1/5/1943. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>A. Íbúðarhús úr bindingu, klætt utan borðum á veggjum og með járnþaki á borðasúð. Niðri í húsinu eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað innan pappalagt, veggfóðrað og málað. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og málað. Milligólf er í bitalögum. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfaður í þrennt.</p>	
Stærð: L 1.7 br. 1.4 h. 2.0 skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	14.990.00
<p>B. Þurrkhjallur er byggður úr bindingi, klæddur utan borðum og rimlum, með pappþaki á súð. Gólfborð er á báðum bitalögum.</p>	
Stærð: L 3.5 br. 2.5 h. 2.2 ris 2.0	
Hjallurinn er virtur á.....	1.160.00
Samtals	16.150.00
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús: L 5.8 br, 4,4 h, 2.4 ris 0.5 kj. 1.4	= 102.08m ³
" Inng.skúr :L 1.7 br. 1.4 h. 2.0 skápak	= 4.76m ³ 32.100.00
B. Þurrkhjallur:L 3.5 br. 2.5 h. 2.2 ris 2.0	= 28.00m ³ 2.000.00
	134.84 m ³ 34.100.00

Gata og númer: F á l k a g a t a 16

Möt framkvæmd: 21/12/1936. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, úr holsteini, með járnþaki á þappa og borðasúð. Þar eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 gangar, v.s. og stigagangur. Allt þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað.</p> <p>Stærð: L.9,7 m., br.7,5 m., h.2,9 m., ris 2,0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.090.- =====</p>
<p><u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u></p> <p>A. Íbúðarhús: L 9.7 br. 7.5 h. 2.9 ris 2.0 = <u>283.73 m³</u></p>	<p><u>107.800.00</u></p>

Gata og númer: Faxagata

Möt framkvæm (21/10 1932.) Samræmismat 1. apríl 1951.) 5/3/1954.	Metið kr.
<p>Afgreiðsluhús úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Þar er skrifstofa, þiljuð innan með krossviði og listum, olíuborin og lakkeruð, kaffiklefi, þiljaður með panel, olíuborinn, og geymsluherbergi, óþiljað. Tvöfalt gólf, með sagsspónastoppi, er í húsinu.</p> <p>Stærð: L.5,0 m., br.4,6 m., h.2,8 m., skáþ.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>2.050.- =====</p>
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
<p>A. Afgreiðsluhús: L 5.0 br. 4.6 h. 2.8 skáþak</p>	<p>= <u>64.40 m³</u> 15.500.00</p>
<u>Virt 5/3/1954.</u>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. október 1932, en standsett og viðbyggð geymsla úr bárujárni á legtum.</p>	
<p>Bifreiðastöð: L 5.0 br. 4.6 h. 2.8 skáþak</p>	<p>= 64.40 m³</p>
<p>Geymsla : L 5.0 br.12.0 h. 2.3</p>	<p>= <u>138.00 m³</u></p>
	<p><u>202.40 m³</u></p>
<p>Húsið, ásamt geymslu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>40.500.00</p>
<p><i>Húsið mífet per. 1/1 '57</i></p>	

Gata og númer: F j ó l u g a t a 15

Möt framkvæmd (1/2 1943.) 10/5/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri, múrsléttaðri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og masónít-piljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Allt málað. Á neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, framreiðsluherbergi, fataherbergi, v.s., skáli og 3 gangar. Á efri hæð eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi m/ v.s., 6 fastir skápar og gangur. Í kjallaranum eru 4 geymsluherbergi, þvottahús, þurkstofa, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s. og gangur. Aðalstígi hússins er úr eik með maghony-handlista. Aðrir stigar eru úr steinsteypu. Eikarstafagólf er í skálanum. Gúmmí er á bakstiga og gólfum baðherbergis, fatageymsluganganna. Þrennar steinsteypu-tröppur eru við húsið. Það er múrhúðað utan.</p>	
Stærð: L.meðal.13,0 m., br.9,4 m., h.5,6 m., ris 1,4 m., kjh.2,2 m.	
" viðbyggingar: L.9,6 m., br.2,8 m., h.5,6 m., ris 0,8 m., kjh.2,2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	225.400.-
b. Bifreiðarskúr úr steinsteypu.	
Stærð: L.7,1 m., br.4,2 m., h.2,6 m.	
Skúrin er virtur á.....	9.240.-
Samtals	234.640.-
=====	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati. (1/2/1943.)	
a. Stærð aðalhússins: L. 13.0 m. br. 9.4 m. h. 5.6 m. ris 1.4 m. kjh. 2.2 m.	
" " viðbyggingar: L. 9.6 m. br. 2.8 m. h. 5.6 m. ris 0.8 m. kjh. 2.2 m.	
b. " bifreiðaskúrs: L. 7.1 m. br. meðal. 4.2 m. h. 2.6 m. skápak.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	295.600.-
Bifreiðaskúrin er virtur á.....	11.600.-
Samtals	307.200.-
=====	

Gata og númer:

Flugskálavegur. (Nafta h.f.)

Möt framkvæmd:	Metið kr.
(21/2/1937.) a 6/12/1946, b og c 15/5/46.	
Aftöppunarhús, úr steinsteypu, bæði útveggir, skilveggir, loft og gólf. Í því er aftöppunarherbergi og varðklefi.	
Stærð: L. 6.5 m. br. 3.4 m. h. 2.7 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.400.-
=====	=====
a. Varðmannahús, (áður brnð. 4500) sem er einlyft íbúðarhús, úr vikurholsteini á steinsteiptum grunni. Þak er úr járnbentri steinsteypu, með 10 cm. lagi af vikurplötum í milli. Skilveggir eru úr vikursteinum. Allt er húsið múrhuðað og málað og dúkar eru á gólfum. Þar eru 1 íbúðarherbergi, 1 afgreiðsluherbergi, 1 geymsluherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Í eldhúsinu er rafmagnsplata. Húsið er hitað með rafmagnspilofnum. Það er slétthúðað utan. Steypibaðtaki eru í húsinu.	
Stærð: L. 9.8 m. br. 5.3 m. h. 3.4 m. skápak.	
" útskots: L. 5.8 m. br. 1.2 m. h. 3.4 m. skápak.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	47.800.-
b. Geymslu- og viðgerðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum og pappa og jární. Steinsteypugrunnur er undir húsinu og málargólf í því.	
Stærð: L. 9.3 m. br. 6.2 m. h. 2.6 m. ris 1.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.400.-
c. Aftöppunar- og geymsluhús, byggt við aftöppunarhúsið, er fyrir var, sem er óbreytt frá síðasta mati 21/2/1937. Það er úr steinsteypu og einnig þak og gólf og súlur, er bera það uppi, en hlaðið í veggum með vikursteinum og múrhuðað utan. Húsið er ósundurhólfað.	
Stærð geymsluhúss: L. 11.9 m. br. 8.3 m. h. 3.7 m. skápak.	
" aftöppunarh: L. 6.5 m. br. 3.4 m. h. 2.7 m. skápak.	
Aftöppunar- og geymsluhús, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	51.100.-
	Samtals 110.300.-
	=====

Gata og númer:

Flugvöllurinn 11 C

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Geymsla, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli, járnklædd, þiljuð innan trétexi og með bárujárnsþaki.</p> <p>Stærð hússins: L 27.8 br. 5.2 mh. 2.5 = 361.40 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>43.400.00 ✓</p>

Gata og númer:

Flugvöllurinn 22 D

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Eldsmiðja, 1 hæð með bogapakki, grind úr stáli, klædd tvöföldu járni, með bárujárnsþaki og steingólfí.</p> <p>Stærð hússins: L 5.7 br. 5.10 mh. 2.5 = 72.67 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>10.900.00/</p>

Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

Möt framkvæmd: 21/4/1947. <i>Misid rípis hilt 1947</i>	Metið kr.
<p>a. Rafmagnsvinnustöð, 2 braggasamstæður, úr járnbogagrind, klæddir jární að utan, en trétexi að innan. Gaflar og gólf eru úr timbri. Þeir eru hólfaðir í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 5.0 m. h. 2.2 m. bogapak.</p> <p>" L. 10.0 m. br. 5.0 m. h. 2.2 m. - " -</p>	
Braggasamstæður þessar, ásamt tilheyrandi, eru virtar á.....	5.100.-
<p>b. Geymslubraggi úr járnbogagrind, klæddur jární, en gaflar og gólf eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: 29.0 m. br. 10.0 m. h. 3.0 m. bogapak.</p>	
Geymslubraggi þessi, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	8.700.-
Samtals	13.800.-

Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

Möt framkvæmd: 21/4/1947. <i>Ákveðið miðað líkk. í mæði '49</i>	Metið kr.
<p>Dieselvélavinnustöð, byggð úr járnbogagrind, klæddri jární á steinsteypum grunni.</p> <p>Stærð: L. 29.0 m. br. 10.0 m. h. 3.0 m. bogapak.</p> <p>Smá timburskúr er viðbyggður, járnvarinn, klæddur innan með trétexi.</p> <p>Þar er skrifstofa.</p> <p>Stærð: L. 3.0 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Vinnustöðin, ásamt skúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>9.000.-</p>

Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík

Möt framkvæmd: 24/6/1948	Metið kr.
<p>Vöruskemma, áður sýningarskáli, 1 hæð og skúrþak, úr timburgrind klæddri utan ýmist bárujárni, aluminium eða asbesti, með járnþaki, ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð hússins: L 58.0 m. br. 15.0 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>" viðbygg: L 15.5 m. br. 15.5 m. h. 3.8 m. skáþak.</p> <p>" do : L 13.1 m. br. 5.5 m. h. 5.5 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>92.000.00 =====</p>
<p><u>Rifið árið 1949.</u></p>	

Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

Loftleiðis hf.

Möt framkvæmd: 20/8/1949.	Metið kr.
<p>Flugafgreiðsluhús, 1 hæð og lágt ris, 2 álmur, byggt úr timbri, loft og skilrúm úr timbri, en steinsteypt gólf, klætt utan tjörupappa og með þaki úr timbri, pappa og asbesti. Á hæðinni er biðsalur, símaklefi, afgreiðsluklefi, áhafnarstofa, 2 snyrtiherbergi m/v.s., passaskoðunarklefi og tollskoðunarsalur.</p> <p>Stærð hússins: Biðsalur: L 11.2 m. br. 5.2 m. h. 4.0 m. ris 1.5 m. " " : Tollsk. : L 12.8 m. br. 5.6 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m. " " : Viðb. : L 8.5 m. br. 2.2 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Báðar húsalmur með viðbyggingu og tilheyrandi, eru virtar á.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>123.000.-</u></p>

Möt framkvæmd: (21/5/1940) (20/10/1947) 16/5/1951.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og 2 gangar. Allt þiljað innan með panel og málað. Í kjallaranum er eldhús, þiljað og málað með steinsteypugólfi, gangur, geymsla og v.s. Stærð: L. 7.8 m. br. 3.2 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. kjh. 2.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	8.540.-
b. Fjós, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Í skúrnum er steinsteypugólf og allur er hann þiljaður innan og stoppað á milli þilja með sagspónum. Hænsnakiefi er í öðrum enda skúrsins. Skúrinn, er virtur ásamt tilheyrandi á.....	1.520.-
Samtals	10.060.-
=====	
20/10/1947	
Húsið hefir verið breytt frá síðasta mati 21. maí 1940. Það hefir verið stækkað um 2 viðbyggingar, sína við hvorn enda hússins. Þar eru byggðar úr steinsteypu, með þökumúr timbri, pappa og bárujární. Innan á útveggjum er pappa og trétex með álímdum pappír og málað. Eitt skilrúm er steinsteipt. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Rafeldavél er í húsinu. Kjallari steinsteiptur er undir húsinu og stærrí en það og steinsteipt loft í nýrri hluta þess, en timbur gólf yfir eldri hlutanum. Hann er óinnréttaður. Þar er miðstöðvarherbergi og þvottaherbergi. Stærð hússins : L 7.8 m. br. 3.2 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. " 2 viðbygg.: L 6.0 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. " kjallara: L 15.8 m. br. 6.0 m. h. 2.3 m. Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	79.700.00
=====	
Virt 16/5/1951.	
Húsið er óbreytt að öðru leyti en því frá síðasta mati 20. október 1947 að gamla húsið er nýklætt innan texplötum, harðviði og hefir fengið nýja eldhúsinnréttingu. Ennfremur hefir kjallarinn verið innréttaður og eru þar 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug, forstofa og fastur skápur, allt málað og dúklagt; ennfremur er þar þvottahús og miðstöðvarherbergi. Íbúðarhús : L 7.8 m. br. 3.2 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. Viðbygging: L 6.0 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. do : L 6.0 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. ris 0.9 m. Kjallari : L 15.8 m. br. 6.0 m. h. 2.3 m. Húsið, ásamt viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....	158.000.00

Gata og númer:

Fossvogsvegur (Fossvogsbl. 9)

Möt framkvæmd: (6/2/1948.) 12/4/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð og valmaris, byggt úr timbri, múrhúðað utan, klætt innan texi með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og smástofa, allt málað og dúklagt.</p>	
Stærð hússins : L 6.2 m., br. 3.1 m., mh. 2.3 m., ris 1.0 m.	
" inn.sk. : L 2.1 m., br. 1.0 m., h. 2.3 m., ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	16.200.- ^v
<hr/>	
12/4/1949.	
<p>Húsið hefir frá síðasta mati 6. febrúar 1948 verið hækkað og stækkað úr sama efni og húsið sjálft og er frágangur allur eins og á því. Nú eru í húsinu alls 3 íbúðarherbergi, eldhús, aðdyri, innri forstofa og steypibað- herbergi m/v.s., allt málað eða veggfóðrað og dúklagt.</p>	
Stærð hússins: L 6.0 m. br. 6.1 m. h. 2.8 m. ris 0.9 m.	
" viðbygg.: L 4.3 m. br. 3.1 m. h. 2.3 m. ris 0.9 m.	
A. Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur	42.700.-
<p>B. Smágeymsluhús er nýbyggt á lóðinni úr steinsteypu, að mestu, ósundur- hálfað og óeinangrað, olfukynóingarmiðstöð er grafin niður í gólf þess og leiðsla þaðan í íbúðarhúsið, c 20 m.</p>	
Stærð: L 4.0 m. br. 3.0 m. h. 1.4 m. ris 1.30 m.	
Smágeymsluhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur	4.200.-
	<u>Samtals krónur 46.900.-</u>

Gata og númer:

F o s s v o g s v e g u r. (Fossvbl. 15)

Mát framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
<p>Sumarhús, úr bindingi, klætt utan borðum og járnbynum á veggjum og pappa á risi. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan og herbergið veggfóðrað, en hitt annað olíuborið.</p> <p>Stærð: L. 5.4 m. br. 3.3 m. h. 2.5 m. ris 0.9 m.</p> <p>Húsið, er virt ásamt tilheyrandi á.....</p>	6.040.-

Gata og númer:

Fossvogsvegur. (Fossvbl. 21)

Mát framkvæmd: 1/8/1941.

Metið kr.

Sumarbústaður, einlyftur, úr bindingi, klæddur utan plögðum borðum á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Húsið er með lágu risi. Það er þiljað innan með masonitplötum og ýmist lakkerað eða málað. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og anddyri. Steinsteypugrunnur er undir húsinu.

Stærð: L. 5.3 m. br. 5.8 m. h. 2.4 m. ris 1.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

6.350.-

Virt 29/4/1952.

Húsið hefir frá síðasta mati 1. ágúst 1941 tekið þeim breytingum, að nýtt v.s. hefir verið sett í húsið og það texklætt allt innan og múrhúðað utan og miðstöð sett í það. Auk þess hefir ný viðbygging verið reist við húsið, 1 hæð og ris, úr timbri, múrhúðað utan, vikurklædd og múrhúðuð innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 3 íbúðarherbergi máluð og dúk-lögð. Upphitun frá húsinu.

Íbúðarhús : L 5.3 br. 5.8 h. 2.4 ris 1.2 = 92.22 m³

Viðbygging: L 8.0 br. 6.0 h. 2.5 ris 1.2 = 148.80 m³

241.02 m³

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

101.200.00

Gata og númer:

Frakkastígur 1.

Möt framkvæmd: 21/2/1934.	Metið kr.
<p>a. Geymsluhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á austurhlið og norðurgafli, en með tvöfaldri borðaklæðningu á vesturhlið, og suðurgafli og með járnþaki á borðasúð. Niðri í húsinu eru 3 herbergi til geymslu og gangur, allt þiljað innan. Loftið í húsinu er einfalt. Uppi er hólfað í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 14.6 m. br. 6.0 m. h. 3.8 m. ris 3.0 m.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	9.652.-
<p>b. Við vesturhlið hússins er byggður geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum, bæði veggir og þak.</p> <p>Stærð: L. 14.6 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	1.380.-
<p>c. Geymsluskúr, úr binding, klæddur utan jární, sumpart á langböndum og sumpart á borð, með járnþaki á súð. Trégólf er í 2/3 hlutum skúrsins. Hann er hólfður í sundur í 2 herbergi.</p> <p>Stærð: L. 18.8 m. br. 5.7 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	2.680.-
<p>d. Geymsluskúr er austanvert við aðalhúsið, byggður úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum, veggirnir og með járnþaki á súð. Trégólf er í honum öllum.</p> <p>Stærð: L. 3.8 m. br. 1.9 m. h. 2.5 m.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	180.-
	<p>Santals 13.892.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer:

Frakkastígur 6 b.

Möt framkvæmd: (11/9/1924) 15/5/1953.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í neðra bitalagi. Á aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á efri bitum er gólf úr plögðum borðum, þar uppi er 1 herbergi, þiljað og málað og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi erundir húsinu. Þar eru fjórir geymsluklefar og gangur.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 1.9 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurgafi hússins, byggður eins og það, þar eru 3 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	7.734.-
<p><u>Virt 15/5/1953.</u></p> <p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 11. september 1924, en hefir mikið verið endurbætt, gluggar endurnýjaðir o. fl.</p> <p>Ibúðarhús: L 5.7 br. 6.3 h. 3.0 ris 1.9 kj. 2.2 = 219.05 m³</p> <p>Inngskúr : L 1.6 br. 2.5 h. 2.7 ris 1.0 kj. 2.2 = <u>21.60 m³</u></p> <p style="text-align: right;"><u>240.65 m³</u></p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<u>120.300.00</u> ^v

Frakkastígur 14 b-d.

Gata og númer:

(Grettisgata 22 d.)

Möt framkvæmd: (1/2/1943.) 15/12/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og trésmíðahús, með risi, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Innan á útveggjum er sumstaðar járn en sumstaður pappi og þar innan á hlaðið steiptum steinum. Gólf neðri hæðarinnar er úr steinsteypu og timburgólf er þar yfir. Milli-gólf er í öðru bitalagi og fyllt með sagspónum á milli gólfanna. Á neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Veggir eru kalksléttaðir, en strigi og pappir er á loftum, sumt málað, en sumt veggfóðrað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur. Á rishæðinni er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.9 m. ris 2.0 m.</p> <p>Viðbygginger við suðurhlíð hússins, byggð eins og það. Þar eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 6.0 m. h. 4.8 m. ris 0.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	64.090.-
<p>b. Vélahús er úr steinsteypu, bæði veggir, loft og gólf. Þak er úr járnmi á pappa og borðasúð. Allt er húsið sementssléttað utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 15.4 m. br. 4.0 m. h. 3.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	25.360.-
Samtals	89.450.-
=====	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 1/2/1943.	
A. Íbúðarhús: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.9 m. ris 2.0 m. (trésmíði)	
" Viðbygging: L. 6.0 m. br. 6.0 m. h. 4.8 m. ris 0.7 m.	
B. Vélahúss: L. 15.4 m. br. 4.0 m. h. 3.5 m. skáþak.	
Litra a, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	97.700.-
" b, - " - " - " " ".....	38.700.-
Samtals	136.400.-
=====	

Gata og númer:

Garðastræti 33.

Möt framkvæmd: 21/5/1928.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með 2 kvistum, porti og risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Allir skilveggir eru úr steinsteypu, og sömuleiðis kjallaragólf. 3 loft eru í húsinu úr járnþenti steinsteypu. Á neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s. og 2 gangar. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun. Allir skilveggir og gólf eru vandlega sementssléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og báðar eru hæðarnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Á risahæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s. og 2 gangar. Allt með sama frágangi eins og er á aðalhöðum hússins. Á gólfum baðherbergja og v.s., er terrasso-yfirsteypa og veggir þessara herbergja sem og eldhúsa, umhverfis vatnsekálar, eldhúsborð og gassuðuvélar, er lagðar postulínsflísum, í venjulegri hæð. 2 veggpallar eru á húsinu, með handriðum. Á skambitum er gólf og þar uppi eru 4 íbúðarherbergi, þiljuð innan með panel og máluð. En miðparturinn er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfu er undir öllu húsinu. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., gangur og anddyri. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er á aðalhöðunum. Í kjallarannum er ennfreður kvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 14.0 m. meðalbr. 10.8 m. h. 6.9 m. ris 5.1 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgafi hússins, byggður eins og það. Þar eru 3 stigagangar og 1 íbúðarherbergi. Allt með sama frágangi eins og á íbúðum hússins. Kjallari er undir öllum skúrnum. Í honum er geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við inngönguskúrinn og undir þeim er geymsluherbergi og gangur inn í kjallarann. Stigar eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 6.3 m. h. 6.9 m. ris 3.5 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	101.460.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Lágur kjallari er undir skúrnum og hann er múrsléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 3.2 m. h. 4.4 m. skáþsk.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.840.-
<p>Samtals</p>	<p>103.300.-</p>

Gata og númer:

Geirsgata. (Kol & Salt)

Möt framkvæmd: 1/5/1943.	Metið kr.
<p>a. Saltgeymsluhús, úr bindingi, klæddum utan með bárujárnri á langböndum, bæði á veggjum og með jarnþaki á borðasúð með pappa á milli. Allir útveggir er þiljaðir innan á skágrind með plögðum 5/4" borðum. Tvöfaldur sperrubindingur er í húsinu og gélfið er úr 2" plönkum á þéttum og gildum gólfbitum. (Gólfbitum) Afþiljaður klefi er í 1 horni hússins.</p> <p>Stærð: L. 38.3 m. br. 16.0 m. h. 3.1 m. ris 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	178.910.-
<p>b. Saltgeymsluhús er að öllu leyti byggt eins og litra a, bæði að efni og frágangi. Norðan við gafl beggja þessara húsa er stór timburpallur úr 2" plönkum.</p> <p>Stærð: L. 38.3 m. br. 15.8 m. h. 3.1 m. ris 1.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	196.600.-
<p>c. Bifreiðaviðgerðarhús er byggt við suðurgafli litra b, en bó sérstætt, úr bindingi, klætt utan jarnri á langböndum bæði veggir og þak. Skúrinn er allur þiljaður og oliuborinn innan og í honum er timburgólf.</p> <p>Stærð: L. 16.1 m. br. 7.5 m. h. 3.3 m. skáþak.</p>	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	32.920.-
Santals	408.430.-

Gata og númer:

Geirsgata. (Kol & Salt)

Möt framkvæmd: 1/5/1943.

Metið kr.

Vélahús, úr binding, klætt utan jární á langböndum beði veggir og þak. Þar er vélaherbergi, geymsluherbergi, vinnustofa og gangur. Allt þiljað innan með plögðum panelborðum og með timburgólfi. Áfast við vélahúsið er hesthús með 6 hestabásum og jötum úr timbri. Ennfremur steinkolaskýli við vesturenda vélahússins.

Stærð: L. 31.5 m. br. 10.0 m. h. 3.0 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

40.350.-

Gata og númer:

Geirsgata. (Kol & Salt)

Möt framkvæmd: 1/5/1943.

Metið kr.

Bifreiðageymslu- og skrifstofuhús, einlyft á suðurhlíð, en norðurhlíðin er tvílyft, úr binding, klætt utan borðum, á langböndum, bæði veggir og þaki. Í suðurhlíð þess er geymsla fyrir 7 bifreiðar, en á neðri hæð norðurhlíðarinnar eru 2 skrifstofuherbergi, borðsalur og gangur. Allt þiljað innan og neðan á loftbita með panelborðum og málað. Ennfremur er þar geymsluherbergi. Á loftbitum er gólf og geymsla þar uppi.

Stærð: L. 20.0 m. br. 9.1 m. h. 4.2 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 28.460.-

Gata og númer:

V/ Geirsgötu Hús ríkissjóðs Íslands á Hafnarbakkanum.

Möt framkvæmd: 20/7/1950

Metið kr.

Tollskoðunarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, klætt utan asbesti, en innan trétexi og asbesti og með þaki úr timbri, pappa og asbesti. Þar er stór tollskoðunarsalur með löngu borði og vegabréfaskoðunarborði, 2 herbergi, 2 snyrtiherbergi, 3 anddyri, v.s. og olfumiðstöðvarklefi, veggir að ofan veggfóðraðir, en klæddir glerasbesti að neðan, terrasso á gólfum, borð og bekkir í afgreiðslum.

Stærð hússins: L 21.0 m. br. 10.5 m. h. 3.8 m. ris 2.0 m.

Húsið, ásamt föstum borðum og bekkjum og tilheyrandi, er virt á.....

242.900.00

fellur árið 1973

Gata og númer:

Grandauppfyllingin Örfirisey /V

Möt framkvæmd: 16/11/1950.	Metið kr.
<p>2 síldargeymslur nýjar, 1 hæð og kjallari, sívalt, byggðar úr stálplötum, en gólf og kjallari úr járnbentri steinsteypu, málað utan og með þaki úr sama efni. Á hæðinni eru 2 síldargeymslur. Kjallarinn er hólfaður í 3 hringi: Innsti hringurinn er fyrir vélar, hinir eru til geymslu. Steinsteyppt göng liggja milli þróna og þurrsíldarhúss, notuð fyrir flutninga tæki.</p> <p>Stærð hússins: R. 7.45 m. = 174.27 m² steinsteyppt hæð 4.5 m. járnh. 9.3 m. " " : R. 7.45 m. = 174.27 m² " " 4.5 m. járnh. 9.3 m.</p> <p>Húsin bæði, ásamt tilheyrandi, eru virt sameiginlega á.....</p>	<p><u>1.120.200.-</u></p>

Gata og númer: Grandauppyllingin Örfirisey V

Möt framkvæmd: 16/11/1950.

Metið kr.

Lýsis- og olfugeymsla, 1 hæð, sívalningur, byggð úr stálplötum í hólf og gólf á sandfylltri undirstöðu í steinsteyptri plötu. Á hæðinni eru 2 geymar, annar undir lýsi, hinn undir brennsluölfu.

Stærð hússins: R. 9.50 m. = 283.38 m² h. 12.0 m.

" hússins: R. 9.50 m. = 283.38 m² h. 12.0 m.

Húsið bæði ásamt tilheyrandi eru sameiginlega virt á.....

1.062.000.-

Möt framkvæmd: 16/11/1950.

Metið kr.

Þetta eru 2 liggjandi nýir stálgeymar á steinsteyptri þró, opinni, steinsteypt undirstaða og liggur frá þeim leiðslubrú yfir götu að úrvinnsluhúsi og er hún úr stálpípum.

Stærð geymis: L 6.1 m. br. 3.05 m.

" do : L 6.1 m. br. 3.05 m.

Þróin undir geymunum tekur ca. 30 % meira rúmmál en geymarnir sjálfir sameiginlega. Geymarnir eru undir Hexane.

Geymarnir, ásamt þrónni og tilheyrandi, eru virtir á.....

350.000.00

Gata og númer:

Grandavegur, Bráðræði.

Möt framkvæmd: 11/7/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í öllum útveggjum er millipil og milligólf er í báðum bitalögum, með steinsteypu. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Gólf er á þakbitum.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 1.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 1.3 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	7.758.-
<p>b. Geymsluskúr, úr binding, klæddur utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í honum er steinsteypugólf. Hann er þiljaður innan með gólfborðum og fyllt í þak og veggi með sandi.</p> <p>Stærð: L. 13.3 m. br. 8.5 m. h. 2.2 m. ris 0.2 m.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	3.897.-
<p>c. Geymsluskúr, úr grásteini á 3 vegu, en ein hliðin er úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og jární. Torfþak er á timbursúð.</p> <p>Stærð: L. 7.4 m. br. 5.6 m. h. 2.1 m. ris 1.0 m.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	2.161.-
<p>d. Geymsluskúr er byggður að nliðveggjum til úr steinsteypu, en stafnar úr bindingi. Þeir og þakið er klætt með borðum, pappa og jární.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 2.5 m. h. 2.1 m. ris 0.7 m.</p> <p>Skúrinn, er virtur á.....</p>	574.-
	<p>Samtals 14.390.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer: Grensásvegur, Sogamýrablettur 21

Möt framkvæmd: 20/11/69	Metið kr.
<p>Nýtt bílaviðgerðaverkstæði. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt úr timbri, grunnur steinsteyptur. Einangrað með vikri. Óhúðað utan og klætt bárujárni. Þakið er asbest.</p> <p>1. hæð: Hún er ósundurhólfuð, asbestplötur í lofti.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 13,00m., Br. 8,00m., H. 2,9m., Ris 1,5m. = 380 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>340.000.00</p>

Gata og númer:

Grettisgata 12.

Möt framkvæmd: 1/1/1944. 24/10/1969	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallar, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og listar og milligólf er í neðra bitalagi. Á aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, sem allt er þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á risheðinni er 1 íbúðarherbergi, geymsluherbergi og framloft, allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugóðfli er undir öllu húsinu. Timburgólf er í honum hálfum yfir steinsteypunni. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Auk þessa eru þar 2 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 3.1 m. ris 2.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum er gangur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 1.9 m. h. 4.7 m. skábak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, og tilheyrandi, er virt á.....</p>	55.030.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu á 2 vegu, að öðru leyti úr binding, klæddur utan pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í honum er trégólf.</p> <p>Stærð: L. 3.4 m. br. 2.7 m. h. 2.5 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	10.000.-
Samtals	65.030.-
<hr/>	
<p>Virt: 24/10/1969.</p> <p>Endurmat vegna verðmætarýrnunar. Óbreytt að stærðum 1/1/1944.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 7.5 m., br. 7.5 m., h. 3.1 m., ris 2.8 m., kj. 2.5 m. = 416 m³</p> <p>" L. 1.6 m., br. 1.9 m., h. 4.7 m., kj. 2.5 m. = 23 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>420.000.-</p> <p>6.000.-</p> <p>426.000.-</p>
<p>HÚSIÐ RIFID, eða felld úr brunatryggingu 1973.</p>	

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Innan á veggjum er asfaltþappi og listar og sementskústaðir veggirnir undir. Milligólf er í efra bitalagi, en niðri er steinsteypugólf og timburgólf ofan á því. Í súð er fyllt með sagspónum. Á aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur, allt þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Á rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og 4 geymsluklefar, allt þiljað og málað.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. ris 2.9 m.	
Inngönguskúr er við austurgafi hússins, byggður eins og það. Í honum er geymsluherbergi og gangur.	
Stærð: L. 3.1 m br. 4.4 m. h. 3.0 m. skápak.	
Husið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	32.490.-
<p><i>Givið ígjó pr. 1/1 '57</i></p>	

Gata og númer:

Grjótagata 7.

Möt framkvæmd: 2/12/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og skrifstofuhús m/m, tvílyft, með risi og kjallara, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og múrhúðað með skeljasandi á veggjum, með jámi á þaki. Í útveggjabinding er steinsteypu. Á neðri hæðinni er nú eingöngu skrifstofur og vörugeymsla og gangur, allt kalkdregið og ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur. Á ris hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, biljuð og máluð, 2 geymsluherbergi og framloft. Dúkar eru á gólfum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir 3llu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, gangur v.s. og 1 íbúðarherbergi, biljað, strigalagt og málað.</p> <p>Sterð: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Viðbygging er við vesturhlíð hússins, byggð eins og það. Eldvarnargöfl er að vestanverðu. Í binding er fyllt með sagspónum og milligólf er í báðum bitalögum. Á neðri hæðinni eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, allt biljað, herbergið strigalagt og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á efri hæðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir allri viðbyggingunni. Þar eru 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Sterð: L. 5.0 m. br. 5.1 m. h. 5.7 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>55.610.-</p>

Gata og númer:

(Réttarholtsvegur. (Selby-Camp) Sogam. bl. 30)

Möt framkvæmd: (12/3/1946.) (26/11/1946.) (24/4/54) 25/9/1961.	Metið kr.
<p>A: Ibúðarhús, áður setuliðskofi, hlaðið úr steini á steingrunni með þaki úr borðum, pappa og jární. Innan á útveggjum er pappi í listum. Skilveggir eru úr bindingi og allt er þetta hvað íbúð áhrærir, klætt trétexi, loft og veggir og ýmist veggfóðrað eða málað. Raflagnir eru í húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/rafplötu og auk þess geymslukompur og gangur. Í risi er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 13.0 m. br. 6.6 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi,.....</p>	30.600.-
<p>A: Húsinu hefir verið breytt frá síðasta mati 12/3/1946. Síðan hefir hinn hluti þess verið gerður að íbúð á sama hátt og hinn hlutinn, sem þá var lýst. Í þessum hluta eru 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús m/rafeldavél, inngangur, v.s. og geymslukompur. Á veggjum er trétex, klætt veggjapappa, en masonite yfir steingólfinu. Það er hitað með rafmagni.</p> <p>Stærð: L. 13.0 m. br. 6.6 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	61.700.-
<p>Ný viðbygging, þvottahús og miðstöð, 1 hæð og skápak, hlaðin úr steini, múrhúðuð utan, slétthúðuð innan og með þaki út timbri, pappa og bárujární. Þar er þvottahús m/þaðkeri og kolamiðstöðvarkelfi, hvíttað.</p> <p>Stærð hússins : L. 6.10m. Br, 2.2m. H. 2,7m. skáp. = 36.23 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið (viðbyggingin) á</p>	kr. 10.800.00
	Kr. 10.800.00
<p><u>Virt 25/9. 1961.</u></p> <p>Í austurhluta hefur verið byggt við úr holsteini frá því síðasta mat fór fram, 26/11 1946, þar er þvottahús, v. s. og handlaug, málað. Ennfremur hefur verið innréttað herbergi á hæðinni og annað í risi, málað og dúklagt, settur fastur skápur, eldri hlutinn annars óbreyttur. Sett oífukynding í stað kolakyndingar og tvöfalt gler í glugga. Þessi lýsing á eingöngu við austurendann.</p> <p>Aðeins eiganrhluti Guðjóns er metinn.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 6.5 m., br. 6.6 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m. = 171.60 m³.</p> <p>Inng.: " 2.2 " " 6.6 " " " 2.5 " = 36.30 m³</p> <p style="text-align: right;">Alls 207.90 m³.</p>	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á	kr. 187.100.-

Gata og númer:

H á a l e i t i s v e g u r. (Krlmbl. 25)

Möt framkvæmd: 21/4/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og steinsteypugrunn og gólfi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Pappalag og listar eru innan á útveggjabindingi og klætt er þar innan á með þilborðum. Skilveggir eru úr binding, með tvöfaldri borðaklæðningu. Þiljað er einnig neðan á loftbita og loftin eru öll strigalögð. Þiljur eru olíubornar nema í eldhúsi, þar eru þær klæddar innan með krossvið og það er allt málað. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Trégólf er yfir steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L. 11.9 m. br. 4.5 m. h. 2.9 m. ris 1.0 m.</p> <p>Inngönguskúr úr timbri, járnvarinn. Hanner þiljaður innan með masonitplötum.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 2.8 m. h. 2.6 m. skábak.</p>	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	28.710.-
<p>b. Gripahús, úr bindingi, klætt utan með bárujárnri á langböndum, bæði veggir og þak. Það er hólfað í geymsluklefa, kindahús og heygeymslu.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m. ris 1.3 m.</p>	
Húsið, er virt á.....	6.480.-
Samtals	35.190.-

Gata og númer:

H á a l e i t i s v e g u r. (Krmbl. 26)

Möt framkvæmd: 21/9/1935.	Metið kr.
<p>Fuglahús, úr bindingi á steinsteypugrind, klætt utan borðum og pappa á veggjum og þaki úr jární, á pappa og borðasúð. Allt húsið er þiljað innan með panel og stoppað á milli þiljanna, með sagspónum. Timburgólf er í húsinu, því skipt í 6 fuglastíur. Þar eru hænslaslár, pallar og sjálflokandi hreiður. Stærð: L. 36,0 m. br. 5,0 m. h. 2,9 m. skápak</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	8.430.-

Möt framkvæmd: 16/12/1944.	Metið kr.
<p>a. Hænsnahús, m/m, einlyft, áður brbnr. það sama 3131, með lágu risi, úr bindingi, klætt utan járn á langböndum, bæði veggir og þak, með pappa á milli. Innan á útveggjabinding er þiljað með panel og stoppað með sagspónum á milli járn og þilja. Steinsteypugólf er í húsinu og timburgólf þar yfir. Í húsinu eru 8 hæsnaklefar, 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymsluklefi og gangur. Allir skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum panelþiljum, nema 2, sitt hvoru-megin íbúðarinnar, þeir eru úr steinsteypu. Íbúðin er öll þiljuð innan með panel og olíuborin. Kjallari með steinsteypugólfi er undir íbúðinni, til geymslu.</p> <p>Stærð austurálm: L. 22.5 m. br. 5.7 m. h. 1.9 m. ris 0.6 m. " vesturálm: L. 28.0 m. br. 5.7 m. h. 1.9 m. ris 0.6 m. " kjallara: L. 5.8 m. br. 5.7 m. h. 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 102.900.-</p>	
<p>b. Fuglahús, einlyft, áður brbnr. 3380, með skápaki, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur og skilveggir eru úr sama, þiljað er neðan á þakbita með panel og stoppað er á milli þiljanna með sagspónum. Gólf er úr steinsteypu. Í húsinu eru 6 hæsnaklefar, geymsluherbergi og gangur. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 32.5 m. br. 5.4 m. h. 2.3 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 60.600.-</p>	
<p>c. Ný álma byggð hornrétt við b., úr holsteini, á steiptum grunni, með kjallara undir nokkrum hluta hússins. Þakið er úr borðum, pappa og asbesti, en innan á sperrur er klætt asbesti og stoppað á milli. Skilrúm eru öll úr vikurholsteini, múrhúðað utan og innan og kölkuð. Eftir húsinu endilöngu er gangur og innangengt úr honum í eldri húsasamstæðuna. Það er hólfað í 6 herbergi, sem notuð eru ýmist fyrir fuglahús, fôðurgeymslu eða afgreiðsluherbergi. Húsið er raflýst og vatn er þar einnig.</p> <p>Stærð: L. 43.0 m. br. 7.2 m. h. 2.5 m. ris 1.0 m. Kj.st. L. 6.0 m. br. 7.2 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 173.000.-</p>	
<p>d. Fuglaskúr, áður brbnr. 3379, úr bindingi, klæddur utan borðum áveggjum og þaki og múrsléttaður. Trégólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 5.0 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 15.000.-</p>	
Flyt	351.500.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 16/12/1944.	Metið kr.
Flutt	351.500.-
e. Svínahús, áður brbnr.3268, úr bindingi, klætt utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu er steinsteypugólf og innan á útveggjum eru vikurplötur múrsléttaðar. Gólf eru á bitalögum og þar er geymsla.	
Stærð: L. 24.2 m. br. 5.3 m. h. 2.6 m. ris 1.7 m.	109 700
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	65.200.-
Samtals	416.700.-
=====	
Virt 10/8/1948.	
Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt á steinsteyptan kjallara með timburskilrúmunum, asbestklætt utan, fððrað innan masonite og krossviði og með þaki úr timbri, pappa og eterniteplötum. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og fastur skápur, allt veggfððrað, málað og dúklagt. Þakhæðin er ónothæf. Í kjallara er þvottahús, kolamiðstöðvarherbergi, geymsla og inngangur, allt múrhúðað.	
Stærð hússins: L 8.3 m. br. 10.3 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m.	
" útskots: L 3.0 m. br. 8.6 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m.	
" kjallara: L 4.0 m.br. 10.3 m. h. 2.0 m.	157 100
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....kr.	132.600.00
=====	
	913 100

Gata og númer:

H a f n a r s t r æ t i 10. & 12

Möt framkvæmd: 1/2/1942.

Metið kr.

Verzlunar- og skrifstofuhús, þrílyft, úr steinsteypu, með steinsteypu-
þaki og yfir því járnþak á borðasúð, með pappa á milli. Öll gólf og loft eru
úr steinsteypu. Burðarþungi loftanna hvílir á gildum járnbentum bitum og 10
steinsteypusúlum, eftir endilöngu húsinu miðju á hverri hæð, er bitarnir
hvíla á. Skilveggir eru flestir úr 8 cm. steypusteini, en innan á útveggjum
í öllu húsinu eru korkplötur sementsstrokna. Öll steinsteypa, bæði utan
húss og innan er sementssléttuð og herbergi öll og gangur ýmist veggfóðrað
eða málað innan. Gólf sölubúðanna og anddyris neðstu hæðar eru gúmmílagð.
Allar stigatröppur og pallar eru úr steinsteypu, með álögðum marmaraplötum.
Allsstaðar annarsstaðar í húsinu eru linoleumdúkar á gólfum. Á neðstu hæð
hússins eru 2 sölubúðir, með borðum, skápum og hillum allt af mjög vandaðri
gerð. Þar eru 4 súlur frá gólfi til lofts, lagðar speglum frá öllum
köntum. Á þessari hæð er ennfremur vörusýningarherbergi með eikar- og gler-
skápum, frá lofti til gólfs, meðfram öllum veggjum og borði á miðju gólfi,
5 skrifstofuherbergi, borð með skápum undir er í einu þeirra, 2 fataherbergi,
m/v.s., 4, og 4 þvottaskálum, 1 milligangur, anddyri, gangur og opinn gangur
í gegnum húsið, með öflugum ganghurðum. Á miðhæðinni eru 16 skrifstofuher-
bergi, 1 snyrtiherbergi m/2 v.s. og 2 handlaugum, anddyri og gangur eftir
húsinu, því nær endilöngu. Í 3 skrifstofuherbergjum eru fóst borð, með
skápum undir. Á efstu hæð eru 15 skrifstofuherbergi, þar af 3 með borðum,
eldtraustur bóka- og skjalaklefi, milligangur, 1 snyrtiherbergi, með 2 v.s. og
2 handlaugum, anddyri og gangur eftir hálfu húsinu. Kjallari er undir öllu
húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 3 geymsluherbergi, með skápum og hillum,
sem svarar 332 m. löngum, miðstövarherbergi, kolageymsla og 2 gangar. Allir
veggir og loft eru sementssléttuð og kalkhvítuð. Við suður- eða bakhlíð
hússins er steinsteipt port og í því eru yfirbyggðir 2 gangar niður í kjallar-
ann, báðir úr steinsteypu, bæði veggir, þak og stigatröppur. Á fræmhlíð húss-
ins. á neðstu hæð þess eru 8 stórir vörusýningargluggar og á efri hæðum sömu
hlíðar þess eru 22 minni gluggar. Í öllum þessum gluggum er sérstaklega þykkt
rúðugler, "spejlglasrúður".

Stærð: L. 32.0 m. br. 11.0 m. h. 10.3 m. skápak, k.jh. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyandi, er virt á.....

579.125.-

Gata og númer:

H á t e i g s v e g u r. (Kveðilfur h/f) 115

Möt framkvæmd: (1/9/1942.)(20/1/1948) 12/10/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum og pappa á veggjum og þaki. Þar er borðsalur með föstu matborði fyrir 32 menn, 4 svefnherbergi, hvert með 8 föstum rúmstæðum og veggborði, eldhús, verkstjóraherbergi og 2 gangar. Allt er húsið með pappa í bindingi og panelbiljum þar innan á og neðan á loftbitum. Skilveggir eru úr tvöfaldri panelklæðingu. Allt er húsið ferniserað innan, nema hurðir og gluggar, sem er málað. Timburgólf er í öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 22.0 m. br. 5.6 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.400.-
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa og listum á milli. 3 smá útskot eru á húsinu. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, skáli og gangur. Í húsinu er 1 loft úr járnþenti steinsteypu, en loftið yfir neðri hæðinni er úr bitalögum með tvöföldu gólfi og þiljum neðan á bitum. Skilveggir eru sumir úr steinsteypu, en aðrir úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrsléttáðar innan og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 gangar og anddyri, allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu er undir öllu húsinu. Þar eru 3 herbergi og gangur með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Ennfremur er þar búr með skápum og hillum, þvottaherbergi og baðherbergi, rullustofa með línskáp og borði, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og 2 gangar. Allt er þetta sementsléttáð og hvítáð innan. Aðalgangurinn er lagður leirflísam yfir steinsteypugólfinu. Að öðru leyti er linoleumdúkur á öllum gólfum nema þvotta- og miðstöðvarherbergisgólfum.</p> <p>Sterð: L. 12.5 m. br. 9.7 m. h. 6.2 m. ris 1.7 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgöfl hússins, byggður að öllu leyti eins og bað. Í aðalhæð hans er fataklefi, v.s., snyrtis og gangur.</p> <p>Sterð: L. 2.4 m. br. 7.1 m. h. 3.2 m. skápak, kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	198.010.-
<p>b. Við sama suð-austurnhorn hússins eru steinsteyputröppur og steinsteypuskúr áfastur við þær. Í honum er geymsluherbergi, múrsléttáð og hvítáð innan. Stigar hússins eru úr tré. Húseignin er múrhúðuð utan með kvarzi og tinnu.</p> <p>Sterð: L. 4.2 m. br. 2.2 m. h. 1.8 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.700.-
<p>c. Geymsluskúr, úr steinsteypu á 3 vegu, en suðurhlíð úr bindingi. Austurhluti hússins er klæddur borðum og pappa, en á vesturendanum er rimlaklæðning. Þak er úr borðasúð, pappa og járn. Þar er geymsla og hjallur.</p> <p>Sterð: L. 10.3 m. br. 3.2 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	5.590.-
	Samtals 205.300.4

Snú

Möt framkvæmd:	Metið kr
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. marz 1943.	
A. Ibúðarhús: L. 12.5 m. br. 9.7 m. h. 6.2 m. ris 1.7 m. kjh. 2.6 m.	
" Inngönguskúr: L. 2.4 m. br. 7.1 m. h. 3.2 m. skápak, kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	403.500.-
B. Geymsluskúr: L. 10.3 m. br. 3.2 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	17.000.-
C. Geymsluskúr: L. 4.2 m. br. 2.2 m. h. 1.8 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.400.-
Santals	422.900.-

Fellur er tryggðingur dag. 1952

Gata og númer:

Laufásvegur 47.

Möt framkvæmd: 4/3/1922.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í binding er pappi og milligólf er í öllum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, v.s. og gangur, allt með samskonar frágangi eins og í aðalhæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu.

Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, þvottaherbergi, gangur og 2 geymsluherbergi. Allt þiljað og timburgólf í kjallaranum, nema í þvottaherberginu.

Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 7.1 m. ris 2.7 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við suðurgafli hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar, tréstigi og fastur skápur, allt þiljað og málað.

Stærð: L. 2.2 m. br. 2.2 m. h. 3.5 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

23.941. ✓

Gata og númer:

Laufásvegur 70.

Möt framkvæmd: 1/5/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvilyft, með valmabaki, úr steinsteypu, með baki úr borðasúð, pappa og eternitplötum þar yfir. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur, skáli og 2 gangar. Innan á útveggjum eru korkplötur og öll er hæðin vandlega sementssléttuð innan og ýmist veggfóðruð eða máluð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu og skilveggir þess allir sem og kjallaragólf er úr steinsteypu. Í efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 7 fastir skápar og skáli. Allt með samskonar frágangi eitts og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti er þurkpláss. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni, línstrokuherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 3 geymsluherbergi og 2 gangar. Allt er húsið sementssléttuð utan. Veggvalir eru á vesturhlíð hússins.

Stærð: L. 12.0 m. br. 9.8 m. h. 5.9 m. ris 2.9 m. kjh. 2.2 m.

Viðbygging er við húsið, úr samskonar efni og frágangi bæði utan húss og innan og það, einlyft, með þaksvölum og kjallara. Í aðal hæðinni er baðherbergi, steinsteyputröppur eru við húsið og stór flísalagður pallur er við útidyr aðal hæðar hennar.

Stærð: L. 5.0 m. br. 1.4 m. h. 3.5 m. þakvalir, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 149.840.-^v

Gata og númer:

Laufásvegur.

Möt framkvæmd: 16/12/1944.	Metið kr.
<p>Hjæða og fjárskúr, úr timbri, klætt utan borðum og jární á veggjum og jární að mestu leyti á baki. Innan á nokkuð af útveggjum er þiljað.</p> <p>Stærð hlöðunnar: L. 7.3 m. br. 3.5 m. hr. 2.3 m. skápak.</p> <p>" fjárhússins: L. 4.6 m. br. 2.3 m. h. 2.0 m. "</p> <p>Skúrarnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....</p>	<p>4.700.-^V</p>

Gata og númer:

Laugarásvegur. (Lmb1. 10)

Möt framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
<p>Sumarbústaður, úr bindingi, klæddur utan borðum og tjargaður utan. Þar eru 2 herbergi og anddyri, allt þiljað innan með panel og málað. Stærð: L. 5.5 m. br. 4.5 m. h. 2.5 m. skáþak. Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p> <p style="text-align: center;"><i>Rúfrit</i></p>	<p style="text-align: right;">6.980.-✓</p>

Gata og númer:

Laugarásvegur, Staður II.

Möt framkvæmd: 15/1/1946.

Metið kr.

Ibúðarhús, sem var áður brbnr 2014, litra b, en fær nú, með virðingu þessari nýtt brbnr. Það hefir verið stækkað og endurbætt allmikið. Það er byggt úr bindingi á steinsteyptum grunni með þaki úr borðum og pappa, en á veggjum klætt liggjandi borðaklæðningu. Innan á útveggjum er pappi og ýmist panelklæðning eða trétex. Skilveggir eru úr bindingi með sama frágangi og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél og anddyri. Dúkar eru á gólfum.

Stærð: L. 4.7 m. br. 5.3 m. h. 2.7 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

13.800.-

Flutt, Kópavog 1957

Gata og númer:

Laugarnesvegur 40.

Möt framkvæmd: 21/4/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með tveimur gluggakvistum og risi, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í bindingnum eru 2 pappalög, með listum á milli og allir eru útveggirnir þiljaðir innan. Í aðalherberginu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., fastur skápur og gangur. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er og neðan á loftbita, allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í baklyfti eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, fastur skápur og gangur. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er í aðalherberginu. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi og 2 geymsluherbergi. Skilveggir eru hér úr steinsteypu.

Stærð: L. 6.6 m. br. 6.1 m. h. 2.9 m. ris 4.5 m. kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

43.350.✓

Gata og númer:

Laugarnesvegur, Kirkjusandur.

Möt framkvæmd: 1/11/1943.	Metið kr.
<p>a. Fiskgeymsluhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni er fiskgeymslusalur, allur þiljaður innan á útveggi og afþiljað anddyri. Gólf er úr 2"plönkum. Á efri bitum eru gólfborð. Í efri hæðinni eru járnbrautarteinar fyrir fiskvagna.</p> <p>Stærð: L. 25.1 m. br. 12.6 m. h. 5.2 m. ris 5.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	249.500.-
<p>b. Geymsluskúr er við vesturenda hússins, byggður úr bindingi, klæddur utan járni á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 12.6 m. h. 2.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	19.920.-
<p>c. Fiskburkunarhús, (gamalt flutt úr Viðey) úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu og gólf þess er úr plögðum borðum. 2 skilveggir eru eftir endilöngu húsinu, úr bindingi, með tvöfaldri panelklæðningu. Húsið er einþlyft með risi og 2 kvistum á vesturhlíð þess.</p> <p>Stærð: L. 24.8 m. br. 12.8 m. h. 3.2 m. ris 2.0 m.</p> <p>Húsið er virt ásamt tilheyrandi á.....</p>	165.500.-
<p>d. Við norðurgöfl þurkhússins er skúr, byggður eins og það. Í skúrnum er miðstöðvarherbergi og kólaklefi. Steinsteypugólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 7.4 m. h. 3.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	8.280.-
<p>e. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa og með járnþaki á langböndum.</p> <p>Stærð: L. 11.8 m. br. 6.6 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	11.700.-
Samtals	454.900.4

Gata og númer:

Laugarnesvegur, (Brú.)

Ibúðarhús, hjá brú 78B

Möt framkvæmd: 29/9/1947.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð og geiraris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, járnklætt á veggjum og þaki. Veggir, loft og skilrúm er klætt timbri og trétexi og ýmist veggfóðrað eða málað. Þar eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús, gangur og geymslukompa. Húsið er hitað frá miðstöðvareldavél. Viðbygging er við húsið byggð á sama hátt. Þar er inngangur og 2 v.s.

Stærð hússins : L 7.5 m., br. 7.5 m., h. 2.7 m., ris 1.0 m.

Stærð viðbyggingar: L 5.0m. br. 2.0 m., meðalhæð 2.2 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 46.500.-

Gata og númer:

Laugavegur 57.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með kantsettum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, sem allt er þiljað innan með panel, strigalagt, veggfóðrað og málað. Milligólf er í öllum bitalögum og millipil í veggjum. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalherberginu. Ajjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 5 geymslu-kleifar, smíðarherbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 3.5 m. skáþak, kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlíð litra b, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.4 m. br. 1.9 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	46.750.-
<p>b. Viðbygging m/verzlun er við austurgafli hússins, með eldvarnarvegg að austan, úr bindingi, klædd utan með borðum, pappa, listum og járnri á 2 hlíðum og þaki. Milligólf er í neðra bitalagi. Í viðbyggingunni er sölubúð, með vörð, skápum, hilium og skúffum. Allt þiljað innan og málað. Auk þess eru þar 2 herbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð.</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 7.5 m. h. 3.8 m. skáþak.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	13.125.-
Samtals	59.875.- ✓

Gata og númer:

Laugavegur 59.

Möt framkvæmd: 1/4/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri bar yfir á veggjum og þaki. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í ris hæðinni eru 5 íbúðarherbergi og eldhús. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari er undir öilu húsinu, hólfður í sundur í 4 geymsluherbergi. Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 3.5 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það, þiljaður og málaður innan.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 1.8 m. h. 2.5 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>35.450.-¹</p>

Möt framkvæmd: (1/3/1943.) (13/4/1945.) (21/4/1947.) 14/4/1950.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni, á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 herbergi, þiljað og málað og 5 geymsluherbergi. Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 1.3 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er byggður eins og húsið.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.2 m. h. 4.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	38.440.-
b. Fjós, úr timbri, járnvarið, þiljað innan og stoppað á milli þilja. Stærð: L. 3.0 m. br. 5.6 m. h. 2.2 m. skápak.	
Fjósið er virt á.....	1.850.-
c. Kindaskúr, áfastur við fjósið, byggður eins og það. Stærð: L. 3.0 m. br. 5.6 m. h. 2.2 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.480.-
Samtals	41.770.- ✓
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/3/1943.	
A. Íbúðarhús: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 1.3 m. kjh. 2.2 m.	
B. Fjós: L. 3.0 m. br. 5.6 m. h. 2.2 m. skápak.	
C. Kindaskúr: L. 3.0 m. br. 5.6 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	55.400.-
Fjósið er virt á.....	2.200.-
Kindaskúrinn, er virtur á.....	1.800.-
Samtals	59.400.-
=====	
Húsið er óbreytt í aðalatriðum, frá síðasta mati 13/4/1945, en endurbætt á ýmsan hátt. Hitaveitumiðstöð sett í það og þvottaherbergi í kjallara. Íbúðarhús: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 1.3 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	82.100.-
=====	
<u>Virt 14/4/1950.</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. apríl 1947, nema settir hafa verið í það nýir gluggar.	
Íbúðarhús: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 1.3 m. kj. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	128.900.-

Gata og númer:

Laugavegur 77.

Möt framkvæmd: 1/10/1942.	Metið kr.
<p>a. Hesthús og heyhlaða, úr bindingi, klætt utan jární á langböndum á 3 vegu og þaki, en að norðanverðu er eldvarnarhlíð, með þiljum innan á. Niðri er hesthús, með 6 básum og rimlagólfi, sem er ofan á steinsteypugólfi hússins. Heygeymsla er uppi.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.0 m. h. 3.8 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	12.180.-
<p>b. Viðbygging m/gúmmívinustofa, úr bindingi, klædd utan jární á langböndum á 3 vegu og þaki. Eldvarnarveggur er að norðanverðu.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 6.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	4.200.-
	<p style="text-align: right;">Samtals <u>16.380.-</u> ✓</p>

Gata og númer:

Laugavegur 77 b.

Möt framkvæmd: (1/6/1943.) 15/5/1946.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, með pappa í, klætt utan með borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæð hússins eru 2 íbúðarherbergi og eldhús og v.s., allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í efri hæð eru 2 íbúðarherbergi og gangur, hvortveggja með samskonar frágangi og er í neðri hæðinni. Þar eru 2 súðarskápar. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 geymsluherbergi og þvottaherbergi. Skilveggir eru úr timbri og gólf þvottaherbergisins er úr steinsteypu.

Stærð: L. 5.8 m. br. 5.8 m. h. 5.1 m. ris 0.6 m. kjh. 2.0 m

Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.

Stærð: L. 2.3 m. br. 2.3 m. h. 5.1 m. skápak, kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

38.690.4

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/6/1943.

Stærð íbúðarhússins: L. 5.8 m. br. 5.8 m. h. 5.1 m. ris 0.6 m. kjh. 2.0 m.

" inngönguskúrs: L. 2.3 m. br. 2.3 m. h. 5.1 m. skápak kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á

62.700.-

*fellen eil
1964*

Gata og númer:

Laugavegur 79.

Möt framkvæmd: (1/4/1943.) (22/5/1947.) 15/2/1950.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, með port, 2 kvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járn á veggjum og paki. Utan á binding er pappi og millibil í útvegjum og fyllt milli bilja með sagspónum. Milligólf er í öllum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og fastur skápur. Allt biljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðklefi, gangur, eldhús og 4 fastir skapar. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Á skammtitum er þurkloft og geymsla. Kjallari með steinsteypugólfi og trégólfi þar ofan á, er undir öllu húsinu. Honum er skipt í 4 herbergi, sumpart með steinsteypu og sumpart með timburskilveggjum. Þar er raflampaverzlun. Stærð: L. 10.0 m. br. 8.8 m. h. 4.7 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Viðbygging er við norðurhlíð hússins, byggð eins og það. Þar er 1 íbúðarherbergi, gangur og 2 geymsluklefar. Kjallari er undir viðbyggingunni. Þar er ofnavigerð og gangur, með gólfi og veggjum úr steinsteypu. Stærð: L. 4.4 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	115.630.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Stærð: L. 8.8 m. br. 3.8 m. h. 2.5 m. skápak. Skúrinn er virtur á.....</p>	2.145.-
	Samtals 117.775.- [✓]
<hr/>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1943.</p> <p>a. Íbúðar-verzlunarhús: L. 10.0 m. br. 8.8 m. h. 4.7 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m. Viðbygging: L. 4.4 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á</p>	225.100.-
<p>b. Rafmagnsverkstæði m/m: L. 8.8 m. br. 3.8 m. h. 2.5 m. skápak. Hús þetta, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	6.700.-
<p>c. Bifreiðaskúr nýr hefur verið byggður á lóðinni úr timbri með járnþaki og pappa á veggjum, biljaður innan á útveggi ýmist með kassafjöllum eða panel. Stærð: L. 7.0 m. br. 3.7 m. h. 2.4 m. skápak. Bifreiðaskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á</p>	2.200.-
	Samtals 234.000.-
<hr/>	
Virt 15/2/1950.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 22. maí 1947.	

Gata og númer:

Laugavegur 79

Möt framkvæmd: frh. <i>fellur í 1964</i>	Metið kr.
A. Íbúðarhús m/m: L 10.0 m. br. 8.8 m. h. 4.7 m. ris 3.4 m. kj. 2.5 m.	
" Viðbygging : L 4.4 m. br. 6.3 m. h. 3.1 m. skápak. kj. 2.5 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	Krónur 290.800.-
B. Rafmagnsverkstaði: L 8.8 m. br. 3.8 m. h. 2.5 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	" 8.400.-
C. Bifreiðaskúr : L 7.0 m. br. 3.7 m. h. 2.4 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	" 3.100.-
	<u>Samtals krónur 302.300.-</u>

Gata og númer:

Laugavegur 103a

Möt framkvæmd: 1/5/1941.

Metið kr.

Íbúðarhús, með kvisti og risi, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á plögðri þorbásúð, með pappa á milli. Í bitalögum eru milligólf og veggir allir asfaltbornir innan. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Uppi eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð. Aðallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, holfaður í þrennt.

Stærð: L. 5.7 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 2.7 m. kjh. 1.9 m.

Inngönguskúr er við austurgafli hússins, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar og v.s.

Stærð: L. 1.3 m. br. 3.5 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

14.320.-⁰

Gata og númer:

Laugavegur, Tunga.

Möt framkvæmd: 1/9/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Húsið er einlyft, með risi og kjallara, milligólf er í öllum bitalögum og steinskilveggir eru í aðalhlé þess. Þar niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og fastur skápur, allt múrsléttað, strigi og pappír eru á loftum og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur, allt þiljað, veggfóðrað eða málað, bak við þiljur er stoppað með sagspónum. Á skambbitum er gólf úr þlægðum borðum. Þar uppi er geymsla. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í 4 geymsluherbergi. Langskilveggur er þar úr steini.</p>	
Stærð: L. 8.0 m. br. 8.0 m. h. 4.4 m. ris 3.3 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er við vesturgafi hússins, með risi og kjallara, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.9 m. br. 2.5 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt ² inngönguskúr ^{um} og tilheyrandi, er virt á.....	87.700.- ✓
Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Í honum eru 2 gangar.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 4.4 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
<p>Refist 16/4 '73</p>	

Gata og númer:

Laugavegur, Tunga.

Möt framkvæmd: 1/11/1943.	Metið kr.
<p>a. Hesthús og heyhlaða, (áður brbr. 1241) úr steinsteypu, með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli, húsið er hólfað í brennt, heyhús, hesthús og fjós. Í öllu húsinu er steinsteypugólf. Fjósið og hesthúsið er þiljað innan og loft í þeim báðum.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 8.8 m. h. 4.4 m. ris 1.5 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	34.560.-
<p>b. Hesthús hefir verið endurbyggt frá grunni. Það er úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Plankagólf er í öllu húsinu. Þar eru básar fyrir 20 hesta, með milligerð úr timbri og timburstólum. Húsið er sementssléttað utan og hvítt.</p> <p>Stærð: L. 11.4 m. br. 9.6 m. h. 3.0 m. ris 1.5 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	29.120.-
<p>c. Viðbygging er við suðurhlíð eldra hesthússins, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er sjúkraherbergi fyrir dýr með lyfjaskáp og baðþró og fjárhús. Skilveggur er úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 11.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Viðbyggingin er virt ásamt tilheyrandi á.....</p>	6.250.-
<p>Samtals</p>	<p>69.930.-</p>

Gata og númer:

Lindargata 48 a.

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 18/3/1947. <i>Húsið sýnd á árinu 49</i>	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu hliðveggirnir, en stafnar eru úr bindingi, klæddir utan borðum. Þak er úr járni á borðasúð. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 4.4 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m.</p> <p>Inngöngu- og geymsluskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>9.850.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1941, en lélegt.</p> <p>Íbúðarhús: L. 6.9 m. br. 4.4 m. h. 2.8 m. manzardþak 2.5 m.</p> <p>Inng.skúr: L. 6.9 m. br. 1.9 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á</p>	<p>16.700.-</p>

Gata og númer:

Lindargata 65.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi, einlyft, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eiddhús. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 0.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 1.3 m. br. 2.3 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>8.980.-</p>

Gata og númer:

Lækjargata 10 b.

Möt framkvæmd: 1/8/1942.	Metið kr.
<p>Verzlunar- og íbúðarhús, tvíflyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Eldvarnarveggur er að sunnanverðu. Millibil er í öllum útveggjum með sagspónastoppi og milligólf er í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi og gangur, með sama frágangi eins og er í aðalhäðunum. Auk þess er þar 1 geymsluherbergi og þurrkloft, hvortveggja þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er sölubúð, með búðarinnréttingu, skrifstofa, 6 geymsluherbergi, þvottahús og miðstöðvarherbergi.</p> <p>Stærð: L. 14.7 m. br. 10.4 m. h. 7.2 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.1 m. br. 3.3 m. h. 7.2 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>184.260. ✓</p>

Gata og númer:

Lækjargata.

Möt framkvæmd: 1/11/1942.	Metið kr.
<p>Garðhús, sexkantað, með topprisi, úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum og með sternitskífu á borðasúð á þaki. Húsið er klætt innan með krossviði. Steinsteypugrunnur er undir húsinu.</p> <p>Stærð: L. 2.9 m. br. 2.4 m. h. 2.5 m. ris 0.8 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	<p>5.000.-/</p>

Gata og númer:

MIKLABRAUT, (biðskýli Gils Sigurðssonar).

Möt framkvæmd: 28/2/1959. <i>6/3/1972</i>	Metið kr.
<p>Nýtt hús, notað sem biðskýli og verzlun, ein hæð, byggt úr timbri á steinsteyptum grunni, einangrað með gosull, klætt vatnskrossvið og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujarni.</p> <p>Á hæðinni er verzlun, geymslur, v. s. og 2 handlaugar og biðskýli. Allt málað og dúklagt, nema í biðskýli þar er terrassó á gólfi.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 3.03 m., br. 4.75 m., h. 3.10 m.</p> <p>" 7.40 " " 3.25 " " 3.10 " = 119.16 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr.</p>	178.700.-
<p><i>Þendur metið til lokaunnar vegna leysis viðhalds 6-3-'72</i></p> <p style="text-align: right;"><i>fellur íd 1978</i> →</p>	

Gata og númer:

Mjóstræti 8.

Möt framkvæmd: (1/12/1942.) 21/4/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan 5/4" borðum, pappa og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi er múrað með múrsteini. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og gangur, allt þiljað innan, sumt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 4 hliðakompur og fastur skápur, allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypgólfi er undir öllu húsinu, í honum er þvottahús, 2 geymsluklefar, gangur og 2 herbergi, þiljuð og máluð og með timburgólfi yfir steinsteypunni.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 3.1 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það. Í honum eru 3 gangar og v.s., með þvottaskál.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 5.4 m. skápak, kjh. 2.0 m. 389 53 →</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>40.550.-^v</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. des. 1942.</p> <p>Stærð : L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 3.1 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inng.sk: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 5.4 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á</p>	<p>86.900.-</p>
	<p>240 300</p>

Gata og númer:

Mjóstræti 8a.

Mét framkvæmd: (1/12/1942.) 21/4/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með skúrþaki og kjallara, úr steinsteypu, sementssléttað utan og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa á milli. Í því eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 skápar og gangur, allt þiljað innan. Herbergin lögð striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 2 geymsluklefar, 2 kola-klefar, þvottahús, 1 herbergi, v.s. og gangur. Loft og veggir eru kalsléttaðir í herberginu og ganginum.</p> <p>Stærð: L. 12.4 m. br. 4.4 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>283.71³</p> <p>28.150.-v</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. des. 1942.</p> <p>Stærð: L. 12.4 m. br. 4.4 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>53.900.-</p>
	<p>207.400</p>

Gata og númer:

Mjöllnisvegur).holt

Möt framkvæmd: 21/5/1939.	Metið kr.
<p>Fuglahús, úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum og þaki. Allt er það pappalagt að utan. Húsið er þiljað innan og stoppað er á milli þiljanna með sagspónum. Í því er trégólf. Steingrunnur er undir öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 3.8 m. h. 2.2 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	<p>1.540. ✓</p>

Gata og númer: M ú l a v e g u r (Laugarás)

Möt framkvæmd: 12/4/1949.

Metið kr.

Bifreiðaviðgerðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, pappaklætt utan, einangrunarlaust og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Það er allt einn bifreiðarviðgerðarsalur. Upphitaður með kolaofni.

Stærð hússins: L 12.0 m. br. 8.0 m. h. 2.5 m. ris 1.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

20.800,-

Gata og númer:

Þvottalaugablettur 7 *v. Milvang*

Möt framkvæmd: 30/6 1954	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, áður ómetið, byggt við húsið Reykjaborg, 1 hæð og smáris, steinsteypt í timburgrind, klætt utan pappa og bárujárni, timburklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og sléttu járni. - Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, handlaug, og forstofa, veggfóðrað, málað og dúklegt. Þakhæðin er ósundurhólfuð.</p>	
Stærð hússins A : L. 4.6 m. Br. 5.0 m. mH. 2.0 m. = 46.00 m ³	
" inng.skúrs: L. 1.0 m. Br. 1.7 m. mH. 1.8 m. = 3.06 m ³	
<u>49.06 m³</u>	
* Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið ákr.	29.400.00
B. Hlaða með 1 íbúðarherbergi : L. 6.0 m. Br. 3.0 m. Mh. 2.2 m. = 39.60 m ³	
" Húsið með tilheyrandi er metið ákr.	11.900.00
C. Geymsla : L. 4.4 m. Br. 4.6 m. mH. 2.3 m. = 46.55 m ³	
" Inngangsskúr : L. 1.5 m. Br. 1.5 m. mH. 2.0 m. = 4.50 m ³	
<u>51.05 m³</u>	
" Geymslan með inngangsskúr og tilheyrandi er metin ákr.	5.100.00
<u>Samtals kr.</u>	<u>46.400.00</u>

Gata og númer: MÚLAVEGUR (Laugarás, Dvottalaugabl. 14)

Möt framkvæmd: 15/4 1956.	Metið kr.
<p>Hús þetta var áður stafl. D á brnr. 1420. Það hefir nú verið stækkað og endurbætt og eru þar nú 2 íbúðarherbergi á hæðinni og eldhús og v. s. og gangur, auk þess 1 herbergi í risi. Allt málað og dúklagt. Timburloft. Upphitun frá kolaeldavél. Íbúðarhús: L. 7.0 m. Br. 5.6 m. H. 2.6 m. ris 2.5 m. = 152.88 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi, er metið á (kr.</p>	<p>88.500.00</p>

Gata og númer:

Mýrargata, Ánanaust a.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 4 fastir skápar, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar, allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Milligólf er í neðra bitalagi og stoppað er í útveggjabinding með marhálm. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað innan með panel og málað. Þar er einnig 3 geymsluherbergi.

Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 4.1 m. ris 2.3 m. kjh. 2.0 m.

Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þiljaður og málaður innan. Í honum eru geymsluklefi og gangur.

Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 6.3 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

25.930.-^v

Gata og númer:

Mýrargata, Ánanaust.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Fiskgeymsluhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa og járni þar yfir og með járnþaki á langbændum. Í húsinu er gólf úr plögðum borðum. Í því er lítil afþiljaður kaffiklefi fyrir verkafólk, hvortveggja þiljað og málað. Vesturgafli hússins er úr steinsteypu.

Stærð: L. 33.0 m. br. 12.6 m. h. 2.5 m. ris 2.4 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

47.570.-^v

Gata og númer:

Gjallhagi, Norrquist
Sandvíkurvegur, Hagi.

Möt framkvæmd: (2/12/1927.) 18/3/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og gripahús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járn. Í aðalhæðinni er fjós fyrir 20 kýr, hesthús fyrir 2 hesta, mjólkurherbergi, geymsluherbergi og gangur. Gólf og loft eru úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu. Básar og jötur í fjósinu og hesthúsinu eru úr steinsteypu. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í öllum húsunum. Innan á öllum útveggjum þessarar hæðar eru korkplötur með múrhúð innan á. Í þaklyfti er heygeymsla, 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni, nema hvað íbúðin er ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Kjallarainn er með 1 millivegg og gólfíð úr steinsteypu. Allur er hann notaður til áburðageymslu.</p> <p>Stærð: L. 16.3m. br. 14.7 m. h. 5.3 m. ris 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	39.854.-
<p>b. Fuglahús, úr bindingi, klett utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Það er allt þiljað innan og stoppað í binding.</p> <p>Stærð: L. 9.2 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	2.760.-
Santals	42.614.-
=====	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 21. des. 1927. Nú notuð til geymslu.	
<p>a. Geymsluhús: L. 16.3 m. br. 14.7 m. h. 5.3 m. ris 2.3 m.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	202.400.-
<p>b. Geymsluskúr: L. 9.2 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á</p>	3.600.-
Santals	206.000.-
=====	
Lisid rifid pr. '11 '57	

Gata og númer:

N j á l s g a t a 12.

Möt framkvæmd: 20/5/1922.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind, skilveggir úr timbri, allt lagt, striga og pappír á veggjum og loftum og málað. Kjallari, er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er geymsluherbergi, eldhús og gangur. Eldhús og gangur eru þiljuð og máluð. Milligólf er í bita-lögum.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. skábak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>6.295.-v</p>

Gata og númer:

Njálsgata 62.

Möt framkvæmd: (21/1/1940.) 15/5/1946.	Metið kr.
<p>Íbúðar- og verzlunarnús m/m, einlyft á norðurhlíð, en tvílyft á hinni, úr timbri, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á 3 vegu og með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa á milli. Vesturveggur er eldvarnarveggur. Innan á bindingi er pappi og milligólf í neðra bitalagi. Í rishæðinni eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi og anddyri. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í aðal hæðinni eru 3 herbergi og eldhús, með sama frágangi eins og rishæðin. Í kjallaranum eru trésmíðastofa, fisk-söluþúð, hvortveggja múrsléttuð og hvíttuð innan, loft vírlögð, múrhúðuð og máluð. Ennfremur eru í kjallaranum 2 geymslukleifar. Húsið er byggt úr tré ofan á steinsteypukjallara, allt járnvarið.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 2.3 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Þar er v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>11.506.-</p>
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21/1/1940, að öðru leyti en því, að íbúð hefir verið gerð í kjallara þess. Þar eru 2 herbergi og eldhús, ýmist veggfóðrað eða málað.</p> <p>Aðal húsið: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 2.8 m. ris 2.3 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Inngönguskúr: L. 1.9 m. br. 2.2 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>53.600.-</p>

Gata og númer:

N j a r ð a r g a t a. (í Vatnsnýri.)

Möt framkvæmd: 21/9/1939.	Metið kr.
<p>Flugvélaskýli, úr bindingi, klætt utan járni á langböndum, bæði veggir pak. Skýlið er þiljað innan.</p> <p>Stærð: L. 8.7 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m. skápak.</p> <p>Skýlið er virt á.....</p>	<p>1.280.-✓</p>

Gata og númer:

N j a r ð a r g a t a. (í Vatnsmýri.)

Möt framkvæmd: 2/1/1941.	Metið kr.
<p>Flugvélaskýli, úr bindingi, klætt utan jární á langböndum, bæði veggir og þak. Malargólf er í skúrnum, aðeins trépallur undir vélinni.</p> <p>Stærð: L. 9.1 m. br. 14.3 m. h. 3.5 m. ris 1.7 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>11.440. ✓</p>

Gata og númer:

Nýlendugata 17. A

Möt framkvæmd: 11/7/1924.	Metið kr.
<p>Ibúðarþær, með steinveggjum og timburstöfnum, járnklæddum með pappa á milli. Járnþak er á súð. Í bænum eru 2 herbergi, þiljuð, auk eldhúss, annað þeirra er málað. Þar er og 1 eldavél og 1 ofn. Kjallari er undir öllum bænum.</p>	
Stærð: L. 6.9 m. br. 5.0 m. h. í menir 3.7 m. kjh. 1.8 m.	
Inngönguskúr er við vesturhlið bæjarins úr timbri með járnþaki.	
Stærð: L. 1.5 m. br. 1.3 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	5.281.-
b. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddut utan járn á langböndum og með járnþaki á langböndum.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 1.9 m. h. 1.9 m.	
Skúrinn er virtur á.....	119.-
<u>Samtals</u>	<u>5.400.-^v</u>

Möt framkvæmd: 2/1/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, kantsettum, plægðum á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa, listum og þakhellu. Í binding er hlaðið með múrsteinum. Í aðal hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s., 2 gangar og anddyri. Herbergin eru 811 þiljuð innan, strigalögð, veggfóðruð og máluð. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 1 gangur og 2 eldhús og baðherbergi m/kerlaug^{og r.s.}, allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrloft og geymsla.</p> <p>Stærð: L. 11.0 m. br. 8.0 m. h. 2.4 m. ris 4.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar er gangur og 2 fastir skápar.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 2.2 m. h. 2.4 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	48.750.-
<p>b. Viðbygging er við vesturgafli aðal hússins, tvílyft, með risi, úr bindingi, klædd utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni er murað í binding, en í efri hæðinni er fyllt í útveggi með sagspónum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Herbergin eru með brjóstþiljum upp að gluggum, en fyrir ofan þær er veggfóðrað á blinlistum, en strigi og pappír á loftum og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 7 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 6.0 m. h. 5.7 m. ris 0.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.5 m. h. 5.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	28.090.-
<p>c. Íbúðarskúr hefur verið byggður á lóðinni, úr steinsteypu á 2 vegu, en binding á 2 hliðar, klæddur utan borðum, pappa og jární sem og þakið. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	850.-
Samtals	77.690.-
Virt 27/2/1965	
Húsið óbreytt frá síðasta mati 2/1/1942, en er metið vegna lélegs ástands.	
Stærð hússins:	
A X Inng. skúr. L. 3.5 m., br. 2.2 m., h. 2.4 m., ris 1.6 m.	
B " L. 11.0 m., br. 8.0 m., h. 2.4 m., ris 4.4 m.	= 429.44 m ³
B L. 8.0 m., br. 6.0 m., h. 5.7 m., ris 0.3 m.	
C L. 2.2 m., br. 2.5 m., h. 5.0 m., ris skápak	= 305.90 m ³
C L. 2.4 m., br. 2.5 m., h. 2.8 m., ris " " "	= 16.80 m ³
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 90.000.-

Möt framkvæmd: 18/11/1922.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr grásteini, með járnþaki á plögðri borðasúð, með pappa og listum á milli. Í því er steinsteypugólf, með timburgólf ofan á. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og geymsla. Innan á útveggjum er tvöföld grind, með pappa á milli, en þar innan á borðaklæðning, allt strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 7.2 m. h. 2.5 m. ris 0.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 1.3 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>8.639.-</p>

Möt framkvæmd: 1/8/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi og þak er fyllt með sagspónum á milli þilja og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í ris hæðinni eru 2 herbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi og timburgólfi ofan á því, er undir öllu húsinu. Í honum eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað og málað. 2 v.s. eru í húsinu. Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.2 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, með kjallara. Í honum eru 2 gangar og fastur skápur. Skúrinn er byggður eins og húsið. Stærð: L. 2.2 m. br. 1.6 m. h. 2.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	45.500.-
<p>b. Íbúðarhús, hefur verið gert úr fjósi og heyllöðu, sem áður var á lóðinni. Það er byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan og ýmist veggfóðrað eða málað. Þar er ennfremur þvottaherbergi, 3 geymsluherbergi og v.s.</p>	
<p>Stærð: L. 5.2 m. br. 10.3 m. h. 2.7 m. ris 1.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	13.450.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	58.950.-

Gata og númer:

R é t t a r h o l t s v e g u r. (Sogambl. 56)

Möt framkvæmd: (28/8/1944.) 5/7/1949.

Metið kr.

Ibúðarhús, úr binding, klætt utan asbestplötum, en þak'úr borðasúð, pappa og bárujárni. Innan á útveggjum er masonite. Húsið er hólfað í tvennt, 1 íbúðarherbergi og eldhús.

Stærð: L. 7.7 m. br. 3.0 m. h. 2.8 m. skápak.

Hlaða er áföst við húsið, úr bindingi og bárujárni á þaki og veggjum.

Stærð: L. 7.7 m. br. 5.6 m. h. 3.1 m. ris 2.1 m.

Þar áfast við er fjós, úr bindingi, úr bindingi, klætt innan á vegg og stoppað. Járn á veggjum og þaki.

Stærð: L. 3.7 m. br. 2.6 m. h. 2.2 m. skápak.

Geymsluskúr er áfastur við hlöðunna, byggður eins og hún.

Stærð: L. 3.1 m. br. 2.4 m. h. 2.1 m. skápak.

Húsin öll, ásamt tilheyrandi, eru virt á..... 24.700.-

Virt 5/7/1949.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. ágúst 1944 að því er íbúðarhúsið, hlöðu og geymslu snertir, en fjósið er rifið og er þar nú gangur, geymsla og fastur skápur og við íbúðarhúsið hefir verið byggð viðbygging, 1 hæð m/skúr-þaki, úr timbri, múrhúðuð utan, klædd timbri og texti innan og með þaki úr timbri og bárujárni. Þar er íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., gangur og olíumiðstöðvarherbergi; íbúðin máluð og dúklögð.

Ibúðarhús: L 8.0 m. br. 4.2 m. h. 3.0 m. skápak.

Viðbygging: L 6.8 m. br. 2.7 m. h. 3.0 m. skápak.

Inngskúr : L 1.8 m. br. 1.4 m. h. 2.4 m. skápak.

Hlaða : L 7.7 m. br. 5.6 m. h. 3.1 m. ris 2.5 m.

Geymsla : L 3.1 m. br. 2.4 m. h. 2.1 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr, hlöðu, geymslu og tilheyrandi, er virt á.. 67.000.-

fellur síð 1973

Gata og númer:

Rauðarárstígur 43.

Möt framkvæmd: 1/9/1943.

Metid kr.

Geymsluskúr, úr bindingi, klædd utan borðum og pappa á veggjum og með
járnþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í skúrnum.

Stærð: L. 11.3 m. br. 10.2 m. h. 2.5 m. skábak.

Skúrinn er virtur á.....

Ásjet mál 48 lík 49

14.550.-

Möt framkvæmd: 5/9/1953.

Metið kr.

Nýlegt íbúðarhús -ómetið áður- , 1 hæð, port og ris, hlaðið úr sandsteini á steinsteyptan grunn, óhúðað utan, klætt innan timbri og pappa og með paki úr timbri og bárujárni. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa m/2 stigagöngum, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklagt. Á þakhæð er 1 íbúðarherbergi veggfóðrað; hitt óinnréttuð geymsla.

Stærð hússins: L 14.5 br. 5.8 h. 3.2 ris 1.0	=	311.17 m ³
" inng.sk.: L 1.5 br. 2.1 h. 2.2 skápak	=	6.93 m ³
		<u>318.10 m³</u>

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

76.300.00 ✓

Gata og númer:

Reykjanesbraut, Grund. (Nmbll. 23)

Möt framkvæmd: 21/6/1929.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og porti, úr bindingi, klætt með borðum pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Í bindingnum er pappalag og þiljur þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöfaldri borðaklæðningu og þiljað er neðan á allar loftbita. Loftin eru lögð striga og vélapappír, en veggir allir pappalagðir og hæðin öll er ýmist veggfóðruð eða máluð. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðum hússins.

Stærð: L. 6.9 m. br. 8.2 m. h. 3.4 m. ris 2.4 m. kjh. 1.5 m.

Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.6 m. br. 1.1 m. h. 2.4 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

10.608.^v-

Skisít ríft pr. '11 '57

Gata og númer:

Reykjanesbraut. (Fossvhl. 13)

Möt framkvæmd: 11/3/1925.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, úr binding, klætt utan borðum, pappa og jární, með þrjú veggir og þak. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan með panel og málað. Milligólf er í bitalögum. Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 1.2 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.237.-
<p>b. Fjós og heyhús, úr bindingi, klætt utan með jární á langböndum, með þrjú veggir og þaki. Í öðrum enda hússins er fjósið afþiljað, með tvöföldum þiljum og lofti og stoppað á milli með mómylanu. Þar eru básar fyrir 4 kýr, úr timbri. Stærð: L. 6.9 m. br. 5.0 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p>	
Húsið er virt á.....	3.071.-
<p>c. Geymsluskúr úr bindingi, klæddur utan með borðum og pappa á veggjum og þaki. Þar er timburgólf og 1 skilrúm úr borðum. Stærð: L. 5.0 m. br. 3.0 m. h. 2.4 m. skábak</p>	
Skúrinn er virtur á.....	360.-
	<p style="text-align: right;">Samtals 9.668.-</p> <hr/>

FELLUR 11. 1956

Gata og númer:

Reykjanesbraut. (Smiðja)

Möt framkvæmd: 26/5/1923.	Metið kr.
<p>a. Smiðja, úr bindingi, klædd utan plögðum 5/4" borðum, pappa og listum. Þar eru 2 skilveggir yfir þvert húsið, úr bindingi, með einföldum plögðum borðabiljum. Í suðurenda hússins er skrifstofa og 2 geymsluklefar, allt þiljað innan á bindingi og með timburgólfi. Miðpartur hússins er járnsmiðja, í norðurenda þess er vélavinnuherbergi.</p> <p>Stærð: L. 18.0 m. br. 9.0 m. h. 2.5 m. ris 3.0 m.</p>	
Smiðjan er virt á.....	6.480.-
<p>b. Geymsluhús er fyrir sunnan litra a, byggð eins og það hús.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 7.5 m. h. 4.2 m. skápak.</p>	
Húsið, er virt á.....	2.772.-
<p>c. Geymsluhús er fyrir norðan litra a, úr bindingi, klætt utan með borðum og með borðum og járnþaki á borðasúð, með pappa á milli.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. skápak.</p>	
Húsið er virt á.....	2.160.-
<p>d. Geymsluskúr er fyrir norðan litra c, byggður eins og það hús. Í honum er timburgólf.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. skápak h. 2.2 m.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	280.-
<p>e. Geymsluskúr er (við) norðvestur af litra c, byggður eins og það hús. Þar er hesthús og geymsluklefi. Skilveggur og gólf er þar úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 6.4 m. br. 3.2 m. h. 2.6 m. skápak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	832.-
Samtals	12.524.-

Gata og númer:

Reykjanesbraut / Laufásvegur.

Möt framkvæmd: (21/4/1943.) 15/5/1946.	Metið kr.
<p>Veitingaskúr, úr bindingi, klæddur utan með borðum, og pappa á veggjum og loftum. Þar er veitingasalur og eldhús, allt þiljað innan með masonite og lakkað. Trégólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 4.2 m. h. 2.0 m. ris 0.6 m.</p> <p>Skúrinn er virtur ásamt tilheyrandi, á.....</p>	<p>10.650.-</p>
<p>=====</p>	
<p>Skúrinn er í aðalatriðum óbreyttur frá síðasta mati 21/4/1943. Þar er nú trésmiðavinnustofa í stað veitinga og smá skrifstofuherbergi, sem áður var eldhús.</p> <p>Stærð: L. 6.4 m. br. 4.3 m. h. 2.0 m. ris 0.6 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p> <p>Vélar, eru virtar á.....</p>	<p>12.000.-</p> <p>10.000.-</p>
	<p>Samtals 22.000.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer: Reykjanesbraut, Valfell B.

Möt framkvæmd: 30/6 1954

Metið kr.

Íbúðarhús ómetið áður, 1 hæð og fl. þak, byggt úr timbri, járnlætt utan, klætt innan texti og masoniti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug, ytri og innri forstofa, allt málað og dúklagt. - Geymsla er byggð við húsið úr timbri og bárujárni, óeinangruð.

Stærð hússins : L. 6.7 m. Br. 3.4 m. H. 2.7 m. = 61.50 m³

" viðb. : L. 2.0 m. Br. 3.7 m. H. 2.5 m. = 18.50 m³

80.00 m³

Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á kr. 40.000.00

Kr. 40.000.00

Húsið mikið pr. 1/1 '57

Gata og númer:

Reykjanesbraut, Valfell.

Möt framkvæmd: 21/10/1930.	Metid kr.
